

# FEMÍNÍSKAR

SAMÞYKKTIR OG

# KRÖFUR

Lokaskjal norrænu  
kvennahreyfingarinnar á  
Nordiskt Forum Malmö 2014  
— New Action on Women's Rights





**FJÓRÐA KVENNARÁÐSTEFNA SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA** var haldin í Peking árið 1995 og undir lok hennar samþykktu ríkisstjórnir heimsins hinn svokallaða Pekingsáttmála. Þrotlaus vinna alþjóðlegu kvannahreyfingarinnar og krafa hennar um að samkomulag næðist var forsenda þess að skrifað var undir. Ríkisstjórnirnar sem undirrituðu tólf greinar sáttmálans skuldbundu sig til þess að innleiða Kvennasáttmála Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gegnvarnt konum (e. CEDAW – Convention on the Elimination of all Discrimination of Women) með virkum og sýnilegum hætti.

Það hefur ekki verið haldin heimsráðstefna um réttindi kvenna síðan Pekingráðstefnan var haldin árið 1995. Ýmsar raddir hafa kallað eftir því að fimmta ráðstefna Sameinuðu þjóðanna um kvenréttindi verði haldin, en aðrar hafa varað við því að bjóða til slíkrar ráðstefnu því þær vilja ekki hætta á að markmið og greinar sáttmálans sem samþykkt voru 1995 verði endurskilgreind og jafnvel dregin til baka. Réttindi kvenna eru ekki að aukast á heimsvísu. Dæmi um slíkt bakslag er þegar aðildarríki náðu ekki samkomulagi á Kvennanefndarfundi Sameinuðu þjóðanna (e. CSW – Commission on the Status of Women) árið 2012 og í fyrsta skipti í 56 ára sögu Kvennanefndarinnar tókst ekki að semja um lokaniðurstöður. Ekki má heldur gleyma því að af þeim átta Þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, sem voru sett árið 2000 og nást áttu 2015, erum við lengst frá því að ná þeim sem snúa að kvenréttindum og jafnrétti kynjanna. Einnig getum við litið til kaflans um valdeflingu kvenna

og jafnrétti kynjanna sem var samþykktur í lok Ríó +20, ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun sem var haldin 2012, en texti þess kafla er með endemum útvatnaður.

Út um allan heim eru réttindi kvenna takmörkuð og skert með vísan til hefða, trúarbragða og menningar. Hugsjónir um algild mannréttindi og lýðræði eru véfengdar. Ítrekað hefur verið sýnt fram á að efnahags-, umhverfis- og pólitísk áföll hafa sérlega neikvæð áhrif á konur, þá sérstaklega fátækar konur, en á sama tíma hafa þær verið útilokaðar frá ákvörðunum sem leiða til þessara áfalla.

Norðurlöndin standa frammi fyrir meiriháttar hindrunum í stjórnskipan þegar kemur að jafnrétti kynjanna. Í Pekingsáttmálanum eru settar fram skýrar kröfur sem Norðurlöndunum hefur ekki tekist að uppfylla. Okkur hefur gengið illa að berjast gegn ofbeldi gegn konum, að jafna aðstæður á vinnumarkaði, að ná fram launajafnrétti og efnahagslegu sjálfstæði kvenna, að skipuleggja umönnunarstörf, og aðgengi kvenna að völdum og áhrifum er enn takmarkað.

Við þurfum að standa okkur mun betur á mörgum mikilvægum sviðum, að tryggja rétt kvenna til þróunar, að tryggja rétt kvenna til að taka þátt í lýðræðislegri ákvarðanatöku á landsvísi, á alþjóðavettvangi, á friðartímum og í átökum, að bæta lífskjör kvenna og starfsaðstæður, að minnka ólaunaða vinnu kvenna, að vinna gegn neikvæðum og hamlandi staðalímyndum, að tryggja frelsi frá ofbeldi, og að tryggja rétt til heilsu

og ákvörðunarrétt yfir eigin líkama, kynhneigð og barneignum. Það er mikilvægt að allar ríkisstjórnir heims standi við fyrri skuldbindingar sínar og sýni hvernig þær ætla að leysa úr þeim áskorunum sem þær standa fram fyrir. Kvenréttindi og jafnrétti kynjanna eru forsendur þess að alþjóðleg markmið um sjálfbæra þróun náist.

Kvennahreyfingin fæddist þegar konur tóku höndum saman til að bregðast við óréttlæti og kúgun. Hver einstök kona og hver einstakur hópur kvenna býr við mismunandi aðstæður, upplifir ólík form mismununar og forgangsraðar því femínískum markmiðum sínum á ólíkan hátt. Þrátt fyrir þennan mismun, sameinumst við allar í baráttunni fyrir réttindum kvenna og fyrir samfélagi þar sem jafnrétti kynjanna ríkir.

# Markmið Nordiskt Forum í Malmö 2014

Nordiskt Forum Malmö 2014 — New Action on Women's Rights hefur það að markmiði:

**AÐ** móta framtíðarkröfur og sértækar tillögur til norræna ríkisstjórna og stjórnámálanna um jafnrétti kynjanna.

**AÐ** byggja upp skilning á þeim áskorunum og tækifærum sem eru til staðar í núverandi stefnu stjórnvalda á Norðurlöndum um jafnrétti kynjanna og krefjast skuldbindingar um áframhaldandi þróun.

**AÐ** efla og þróa norræna umræðu um kvenréttindi — staðbundin, svæðisbundin og hnattræn.

**AÐ** byggja upp tengslanet svo aðgerðasinnar, fræðafólk, félagssamtök, stjórnvöld, fyrirtæki og almenningur geti deilt reynslu sinni.

**AÐ** kynna Kvennasáttmála Sameinuðu þjóðanna og Pekingsáttmálann og móta tillögur um og krefjast þess að kynjasjónarmið séu höfð að leiðarljósi við mótun nýrra markmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (e. SDG — Sustainable Development Goals).

**AÐ** fá nýjar hugmyndir með því að virkja og bjóða til þátttöku nýja kynslóð sem hefur vaxið úr grasi síðan Kvennaráðstefna Sameinuðu þjóðanna var haldin í Peking 1995 og gefa henni tækifæri á að nota færni sína og koma hugsjónum sínum á framfæri.

**AÐ** styrkja skipulag og skilvirkni norrænu kvennahreyfingarinnar og þróa áfram alþjóðleg sjónarhorn og skuldbindingar.

# Tólf kaflar lokaskjalsins

Kröfurnar sem settar eru fram í þessu lokaskjali grundvallast á þeim tólf þemum sem umræðan á Nordiskt Forum byggist á, sem að sama skapi er reist á tólf köflum Pekingsáttmálans.

Kröfunum er fyrst og fremst beint til ríkisstjórna Norðurlanda og stjórnámálanna. Þeim er þó einnig beint til annarra stjórnvalda, stofnana, samtaka atvinnurekenda, stéttarféлага, sveitarféлага og einkafyrirtækja, og síðast en ekki síst til norrænna femínista og kvannahreyfingarinnar.

## Kröfur til norrænu ríkisstjórnanna

Við, þátttakendur á Nordiskt Forum, skorum á norrænu ríkisstjórnirnar að innleiða þær tillögur og kröfur sem settar eru fram í þessu lokaskjali Nordiskt Forum. Við minnum á þær skuldbingar sem fólust í undirritun Pekingsáttmálans 1995 og þeirri framkvæmdaáætlun sem honum fylgir. Á þeim tíma skuldbundu ríkisstjórnirnar sig til þess að tryggja full mannréttindi kvenna og stúlkna og viðurkenndu að jafnrétti kynjanna væri óumdeilanlega hluti af mannréttindum. Ríkisstjórnirnar skuldbundu sig til að samþætta kynja- og jafnréttissjónarmið í alla stefnumótun og áætlanagerð.



Við minnum á að sérstaklega var ítrekað í Pekingsáttmálanum að kvennasamtök og félög kvenna væru mikilvægir bandamenn við velheppnaða innleiðingu hans.

## Skilgreining á mismunun

Nordiskt Forum minnir á fyrstu grein Kvennasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem skilgreinir mismunun gagnvart konum sem:

**hvers kyns aðgreiningu, útilokun eða takmörkun sem byggð er á kynferði sem hefur þau áhrif eða markmið að hindra eða koma í veg fyrir að konur ... fái viðurkennd, geti notið eða framfylgt mannréttindum og grundvallarfrelsi.**

Nordiskt Forum minnir einnig á að mannréttindi eru einstaklingsbundin, almenn, algild og ekki stéttskipt.

**Femínísk  
hagfræði  
— efnahagsleg  
og félagsleg  
þróun**

**N**

**ÞAU STEFNUMÓTANDI MARKMIÐ** um konur og efnahagslífið sem koma fram í Pekingsáttmálanum eru enn mikilvægur grundvöllur aðgerða á Norðurlöndum og á heimsvísu. Við þurfum á að halda betri þekkingu og fleiri rannsóknum á því hvernig þjóðhagslegar meginreglur og stofnanir samfélagsins viðhalda misrétti og hvernig hægt er að breyta þeim til þess að skapa sanngjarnt og sjálfbært samfélag.

Líkön sem byggja á femínískri hagfræði og rannsóknum og sem taka tillit til daglegs lífs kvenna og karla og ólíkra lífskjara þeirra eru grundvöllur þess að skapa velferðarsamfélag sem leggur áherslu á barneignir og umönnun. Alþjóðlegar stofnanir og efnahagsleg tengslanet leggja áherslu á að jafnrétti kynjanna sé afgerandi þáttur í góðri efnahagslegri og félagslegri þróun. Þrátt fyrir þennan skilning beitum við enn úreltum efnahagslegum líkönum, líkönum sem í mörgum tilfellum geta af sér stefnur sem ýta undir vaxandi ójöfnuð kynjanna í samfélaginu. Það er pólitísk áskorun að afhjúpa og breyta þessu kerfi sem ekki metur reynslu og framlag kvenna til samfélagsins til jafns á við karla.

Fátækt hefur ólíka merkingu í ólíkum löndum, en konur eru þó alls staðar í heiminum í meirihluta fátækra. Jafnvel á Norðurlöndunum eru fleiri konur en karlar sem búa við efnahagslegar þrengingar. Ákveðnir hópar kvenna og stúlkna eru sérstaklega viðkvæmir. Á síðustu árum efnahagsþrenginga hafa stórir hópar kvenna orðið fyrir afleiðingum niðurskurðar þegar atvinnutækifæri hafa horfið og velferðarþjónusta minnkað.

Í Pekingsáttmálanum kemur fram að samþætta eigi kynja- og jafnréttissjónarmið inn í alla efnahagsstjórnun. Samþætting er mjög mikilvægt tæki til að auka efnahagslegan jöfnuð sem hefur bein áhrif á félagslega þróun. Nú er kominn tími til að norrænu ríkisstjórnirnar uppfylli skuldbindingar sínar.

# Við krefjumst þess:

**AÐ** fjárlög norrænu ríkjanna og fjárhagsáætlanir sveitarfélaga taki mið af kynjasamþættingu þannig að jafnréttissjónarhorn sé sýnilegt í fjárhagslegum gögnum og ákvörðunum. Að markmið um jafnrétti kynjanna sé kerfisbundið haft að leiðarljósi og notað sem grunnur að nýjum ákvörðunum, þar með talið við mótun nýrra þróunarmarkmiða.

**AÐ** norræn yfirvöld stuðli að efnahagslegu sjálfstæði og réttindum kvenna, þar á meðal að tryggja aðgang að launaðri vinnu, tryggja fullnægjandi vinnuskilyrði og tryggja að tillit sé tekið til þarfa viðkvæmra hópa.

**AÐ** norrænu ríkisstjórnirnar grípi til aðgerða til þess að draga úr þeim mismun sem er á tekjum kvenna og karla.

**AÐ** ólaunuð umönnunarstörf verði gerð sýnileg og tekið mið af þeim við gerð efnahagslegra líkana og samfélagsþróun.

**AÐ** alþjóðlega efnahagskreppan verði greind út frá kynjasjónarhorni bæði hvað varðar orsakir og afleiðingar, auk þess sem velferðarkerfið verði notað til þess að vernda efnahagslegt sjálfstæði kvenna.

# Líkamar kvenna og stúlkna — kynfrelsi og kynheilbrigði



**ÁHRIF KYNS OG KYNGERVIS** á heilsu, sjúkdóma og heilbrigðismeðferð er vel þekkt. Þrátt fyrir það eru Norðurlöndin langt frá því að veita konum og körlum heilbrigðisþjónustu sem byggir á jafnrétti kynjanna. Þetta á jafnt við þegar kemur að greiningu, rannsóknum, meðferð og eftirfylgni.

Heilsa kvenna snýst um meira en sjúkdóma sem tengjast kyn- og æxlunarfærum. Gigt og aðrir sjúkdómar sem valda bólgu í vöðvum og liðum eru til dæmis algengari meðal kvenna en karla, en fá á sama tíma takmarkað fjármagn miðað við hve algengir þeir eru og þær þjáningar sem þeir valda. Það þarf að veita sjúkdómum kvenna meiri athygli, auka þekkingu á þeim og tryggja gott regluverk í kringum forvarnir og meðferð þeirra. Hálf tannkynnið hefur blæðingar með reglulegu millibili stóran hluta ævinnar og hefur það víðtæk samfélagsleg áhrif, en blæðingar eru ósýnilegar, einkavæddar og ófullnægjandi fjármagn hefur verið veitt til rannsókna á þeim. Krafa um að kynja- og jafnréttissjónarmið séu höfð að leiðarljósi við alla heilbrigðisþjónustu hefur ekki verið virt. Konur fá færri, ódýrari og síðbúnari þjónustu í samanburði við karla.

Líkaminn er lykilatriði þegar kemur að heilsu kvenna en málefni honum tengd eru oft umdeild. Réttur kvenna til að taka ákvarðanir um eigin líkama, kynhneigð og meðgöngu og frjáls aðgangur að getnaðarvörnum og fóstureyðingum eru hornsteinar samfélags þar sem jafnrétti ríkir. Bann við fóstureyðingum leiðir ekki til fækkun fóstureyðinga heldur til þess að fóstureyðingar verði áhættusamari.

Hlutgerving kvenna, klámvæðing samfélagsins og óraunhæfar væntingar um frammistöðu hafa neikvæð áhrif á andlega heilsu kvenna, leiða til átraskana og annarrar sjálfskaðandi hegðunar. Það er einnig þörf á auknum rannsóknum og heilbrigðisþekkingu sem tekur tillit til þess hvernig kyn spilar saman við aðrar breytur eins og aldur, stétt og kynhneigð, ásamt því að skoða þarf sérstaklega aðstoð við viðkvæma hópa til þess að tryggja góða heilbrigðisþjónustu fyrir alla.

Nordiskt Forum leggur áherslu á tengslin sem eru á milli kynfrelsis og kynheilbrigðis kvenna annars vegar, og ofbeldis gegn konum og annarra mannréttindabrota, þar með talið kaups á kynlífsþjónustu, hins vegar. Kynfrelsi kvenna er véfengt út um allan heim, líka á Norðurlöndunum. Lögbundinn réttur til fóstureyðinga á undir högg að sækja á mörgum stöðum og nýjar takmarkanir á réttindum kvenna leiða til skerts aðgangs að meðferð og lyfjum sem hafa með kynfrelsi og kynheilbrigði kvenna að gera.

## Við krefjumst þess:

**AÐ fjármagn verði veitt í sjóði sem styrkja kynjaðar rannsóknir og þekkingaröflun á því hvernig sjúkdómar hafa áhrif á konur, þar á meðal blæðingar og tengdir kvillar, að fjármagn verði veitt til að styðja við konur með krabbamein (sérstaklega brjóstakrabbamein og krabbamein í kyn- og æxlunarfærum kvenna), að fjármagn verði veitt til vel rökstuddra aðgerða,**



fyrirbyggjandi aðgerða og meðferða við sjúkdómum kvenna.

**AÐ** norrænu ríkisstjórnirnar og viðkomandi yfirvöld tryggja jafnrétti kynjanna í greiningu, rannsóknum, meðferð og eftirfylgni á sjúkdómum með tilliti til sérstakra þarfa ólíkra hópa. Sérstaklega heilbrigðisþjónusta fyrir konur með fötlun er nauðsynleg.

**AÐ** heilsugæslan og réttarkerfið taki reynslu kvenna af óvelkomnum kynferðislegum athöfnum, misnotkun og ofbeldi alvarlega og tryggja að tekið sé á málum með virðingu fyrir einstaklingnum og lagalegum réttindum hans.

**AÐ** norrænu ríkisstjórnirnar og viðkomandi yfirvöld tryggja að kynfræðsla sé hluti af skyldunámi og að gæði kennslunnar sé góð, tryggja aðgang að getnaðarvörnum og löglegum og öruggum fóstureyðingum, og tryggja konum örugga meðgöngu og umönnun við fæðingu sem byggir á virðingu fyrir óskum hennar og þörfum.

**AÐ** norræn stjórnvöld uppfylli skuldbindingar sínar þegar kemur að kynfrelsi og kynheilbrigði kvenna (e. SRHR, sexual and reproductive health and rights), uppfylli skuldbindingar sínar gagnvart hinsegin fólki, og skoði nánar hvort staðgöngumæðrun standist þau markmið sem sett eru í Þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og í mótun nýrra þróunarmarkmiða.

**Konur í  
atvinnulífinu,  
launajafnrétti,  
menntun og  
starfsframi**

**N**

**PEKINGSÁTTMÁLINN** krefst umfangsmikilla aðgerða af hálfu stjórnvalda til að tryggja efnahagslegt sjálfstæði kvenna og aðstæður sem uppfylla grundvallarskilyrði um örugga framfærslu. Konur hafa færri tækifæri en karlar til að ná efnahagslegu sjálfstæði og tryggja sér örugga framfærslu. Nokkrar ástæður eru munur á atvinnuþátttöku kynjanna, lífskjörum, starfsaðstæðum, launum og lífeyrisgreiðslum. Færri konur en karlar eru í hálaunuðum störfum og hærra hlutfall kvenna er í hlutastarfi – þó hlutfallið sé breytilegt á Norðurlöndunum.

Hlutastörf eru viðtekin venja í vaktastörfum þar sem konur eru í meirihluta, svo sem í hjúkrun og öðrum umönnunargreinum og í þjónustustörfum svo sem í verslunum og á hótelum. Það sama á ekki við um vaktastörf þar sem karlar eru í meirihluta starfsfólks. Hlutfall kvenna sem vinnur í hlutastarfi eða sem býr við lítið starfsöryggi eins og í afleysingavinnu, íhlaupavinnu eða vinnu með tímabundna ráðningu hefur aukist á undanförunum árum. Önnur ástæða fyrir slæmu efnahagslegu sjálfstæði kvenna er hversu lág launin eru í hefðbundnum kvennastarfgreinum. Erfiðleikarnir við að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf hafa meiri áhrif á konur en karla. Samfélagslegar væntingar um meiri notkun kvenna en karla á fæðingarorlofi hafa marktæk áhrif á laun allra kvenna.

Launamunur kynjanna hefur staðið í um 15% undanfarin 20–30 ár, þegar hlutastörf hafa verið uppreiknuð í fullt starf. Norðurlöndin eru langt frá

Því að hafa náð launajafnrétti kynjanna. Í alþjóðlegum samanburði kemur í ljós að konur á Norðurlöndunum eru virkari á vinnumarkaði en konur annars staðar í heiminum. Þetta hefur náðst vegna samstöðu um að opinber framlög eigi að renna til barnagæslu og umönnunar sjúkra og aldraðra. Það er afar mikilvægt að varðveita og styrkja þá stefnu. Meirihluti fátækra lífeyrisþega á Norðurlöndunum eru konur. Auk þess geta ungar konur í dag búist við lágum lífeyrisgreiðslum vegna lágra tekna, meiri fjarveru frá vinnu og styttri þátttöku á vinnumarkaði vegna þess hvernig lífeyriskerfið er uppbyggt.

Konur stunda nám í meira mæli en karlar og eru meirihluti þeirra sem útskrifast með háskólapróf í dag. Rannsóknir sýna að laun kvenna eru lægri í samanburði við laun karla með sambærilega menntun, sem skýrist af mismunandi verðmætamati á vinnu kvenna og karla. Kvennanefnd Sameinuðu þjóðanna hefur ítrekað gagnrýnt þá staðreynd að aukin menntun kvenna hefur ekki leitt til jafnari stöðu kynjanna, hvort sem um er að ræða innan háskólasamfélagsins eða á vinnumarkaðnum almennt.

## Við krefjumst þess:

**AÐ réttur kvenna til jafnra launa, jafnra tækifæra til starfsframa og til að sjá sér farborða verði tryggður með skýrum aðgerðum. Að norrænu ríkisstjórnirnar, samtök atvinnurekenda og stéttarfélag vinni saman að því að**

skapa viðunandi lífskjör sem taka mið af fjölskyldulífi og raunverulegum aðstæðum á vinnumarkaði. Að réttur til fulls starfs verði tryggður með lögum eða í kjarasamningum í þeim löndum þar sem hlutastörf kvenna eru viðtekin venja, og að möguleikinn á hlutastarfi verði til staðar en starfsöryggi sé tryggt og settar séu reglur um afleysingastörf, tímabundin störf og íhlaupavinnu til að koma í veg fyrir misnotkun.

**AÐ** norrænu ríkisstjórnirnar forgangsraði uppbyggingu þannig að fjárhagslegt sjálfstæði eftir starfslok verði tryggt.

**AÐ** norrænu ríkisstjórnirnar innleiði fæðingarorlofskerfi sem leiðir til jafnrar ábyrgðar kvenna og karla við umönnun barna og tryggi hágæða opinbera barnagæslu og þjónustu við aldraða.

**AÐ** viðkomandi ríkisstofnanir tryggi að námsefni sé í hvívetna gæðavottað út frá kynja- og jafnréttissjónarmiðum og að farið verði í aðgerðir til þess að brjóta upp hefðbundið náms- og starfsval kynjanna.

**AÐ** norrænu ríkisstjórnirnar setji í forgang aðgang kvenna að vísindastörfum. Fjármögnunarleiðir með áherslu á öndvegisstyrki mega ekki flytja fjármagn frá sviðum þar sem konur eru í meirihluta nemenda og rannsakenda. Tryggja skal námsleiðum kvenna, óháð sérhæfingu, jafnan aðgang að fjármagni og öðrum aðföngum.

# Ofbeldi gegn konum og stúlkum

N

**KYNFERÐISLEG ÁREITNI**, andlegt og líkamlegt ofbeldi, nauðganir, sífjaspell, yfirráð, hótanir, limlestingar á kynfærum, nauðungarhjórabönd, heiðurstengt ofbeldi, klám, vændi, mansal og morð eru öll hugtök sem lýsa víðtækum afbrotum sem framin eru gegn konum og stúlkum út um allan heim. Ofbeldi gegn konum er mannréttindamál, lýðræðismál, jafnréttismál, sakamál og lýðheilsamál. Með öðrum orðum, ofbeldi gegn konum er stórt samfélagslegt vandamál á Norðurlöndunum.

Ofbeldi gegn konum og stúlkum er afleiðing af formgerð kynjaðs valdasamfélags sem endurspeglar hefðbundna sýn á kvenleika og karlmennsku. Við höfum áhyggjur af því að Norðurlöndin hafa í síauknum mæli tekið í notkun kenningar og aðferðir sem eru kynhlutlausar. Aðgerðir til að koma í veg fyrir ofbeldi áður en það á sér stað hafa ekki fengið nægilega athygli, hvorki á Norðurlöndunum né á alþjóðavettvangi.

Ágengni kynlífsiðnaðarins og skipulögð glæpastarfsemi sem tengist mansali kvenna og barna eru ógn við lýðræði, tjáningarfrelsi og lagaleg réttindi kvenna. Á Norðurlöndunum er vaxandi fjöldi kvenna af erlendum uppruna í vændi. Sá munur sem er á milli þeirra metnaðarfullu pólitísku markmiða sem við höfum sett okkur og þeirra breytinga sem við höfum gert á framkvæmdakerfinu til að uppfylla þessi sömu markmið er áhyggjuefni. Margir gerendur sleppa án refsingar, á meðan hjálp og vernd fyrir þolendur ofbeldis skortir.

Konur í umönnunar- og þjónustustörfum eru oft beittar ofbeldi í starfi sínu, meðal annars vegna skorts á öryggisreglum og starfsfólki.

# Við krefjumst þess:

**AÐ** norrænu ríkisstjórnirnar fullgildi samning Evrópuráðsins um að koma í veg fyrir og berjast gegn ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi (Istanbúlsamningurinn 2011). Fræða þarf starfsfólk lögreglu og dómskerfisins um ofbeldi gegn konum og veita þarf fjármagn í forvarnir og saksókn glæpa gegn konum.

**AÐ** sérhver Norðurlandapjóð skipi sjálfstæðan innlendan skýrslugjafa um mansal sem vinnur með frjálsum félagasamtökum og sérstaklega með samtökum kvenna.

**AÐ** norrænu ríkisstjórnirnar styrki aðila sem vinna að réttindum kvenna til að lifa frjálsar frá ofbeldi og veita fullnægjandi og stöðugt fjármagn til starfsemi þeirra, sérstaklega til kvennaathvarfa. Við þurfum langtíma og heildstæða aðgerðaáætlun, með skýrum markmiðum og fullnægjandi fjármagni, til að koma í veg fyrir kynbundið ofbeldi, draga úr ofbeldi karla gegn konum og vernda viðkvæma hópa kvenna.

**AÐ** norræn stjórnvöld ráðist að rótum vandans þegar kemur að ofbeldi og misnotkun. Við leggjum til að farið verði í fyrirbyggjandi herferðir á landsvísu þar sem samfélagið sýnir að ekkert umburðarlyndi er gagnvart ofbeldi og misnotkun og vinnur gegn því að þolandinn beri skömmina. Það verður að leggja áherslu á orsakir ofbeldis og misnotkunar. Ástæður þess að konur leiðast



út í vændi verða einnig að vera hluti af herferðinni. Upplýsingar um mannréttindi og um viðeigandi aðila sem veita aðstoð til kvenna sem orðið hafa fyrir ofbeldi þurfa að vera fyrir hendi. Nauðgun skal skilgreina sem skort á samþykki.

**AÐ** norrænu ríkisstjórnirnar undirbúi löggjöf um varnir gegn ofbeldi gegn konum og stúlkum, þar á meðal að gera kaup á vændi refsiverð þar sem slík löggjöf er ekki þegar til staðar. Þróa skal öruggar útgönguleiðir til þess að aðstoða einstaklinga úr vændi og styrkja getu lögreglunnar og dómskerfisins til að sækja til saka kaupendur vændis, milligöngumenn og fólk sem er þátttakendur í skipulagðri glæpastarfsemi.

**AÐ** norrænu ríkisstjórnirnar viðurkenni sérstakar þarfir viðkvæmra hópa kvenna sem verða fyrir ofbeldi og misnotkun. Konur með alvarleg geðræn vandamál og/eða vímuefnavanda hafa ekki jafnan aðgang að kvennaathvörfum. Starfsemi kvennaathvarfa er ekki nógu vel aðlöguð að þörfum fatlaðra kvenna.

# Umhverfi, loftslag og sjálfbær þróun



**UMHVERFIS- OG LOFTSLAGSBREYTINGAR** eru mesta áskorunin sem heimsbyggðin stendur frammi fyrir. Konur og karlar hafa áhrif á og verða fyrir áhrifum af umhverfis- og loftslagsbreytingum á mismunandi vegu. Öflug aðgerðaáætlun í umhverfis- og loftslagsmálum með innbyggðu jafnréttis- og kynjasjónarmiði er einungis möguleg með virkri þátttöku kvenna, samanber Pekingsáttmálann.

Umhverfis- og loftslagsbreytingar hafa áhrif á mörgum sviðum. Flóð, þurrkar og aðrar náttúruhamfarir hafa mest áhrif á fólk í fátækum löndum og auka þannig enn frekar þann mismun sem þegar er til staðar. Við þetta bætist að konur, sem eru meirihluti fátækra í heiminum, verða verst úti. Í dag skortir 780 milljón manna nægt vatn og 842 milljón manna þjáist af vannæringu. Allt þetta leiðir til fólksflutninga og fjölgunar á flóttamönnum vegna loftslagsbreytinga og mansals.

Konur verða að vera þátttakendur í því að skilgreina þarfir, ræða lausnir og taka ákvarðanir. Rannsóknir á áhrifum loftslagsbreytinga á líf kvenna verður að vera í forgangi. Það er þörf á þátttöku kvenna við úrlausn allra vandamála sem snerta matvælaframleiðslu, allt frá aðgengi að mat, vatni og orku, til stjórnunar auðlinda, flutnings afurða og þróunar tækninýjunga sem draga úr umhverfisspjöllum. Hingað til hafa konur verið í miklum minnihluta þeirra sem taka ákvarðanir á öllum sviðum samfélagsins, ekki síst pólitískar ákvarðanir um sjálfbæra þróun. Ábyrgðin á að takast á við eitruð matvæli, við næringu á meðgöngu og við neyslu barna á óhollum

gerviefnum hvílir nú á herðum einstakra kvenna frekar en á herðum þeirra sem eru ábyrgir fyrir framleiðslu efnanna. Það verður að tryggja öruggt umhverfi.

Konur verða að taka þátt því þær hafa önnur sjónarhorn og aðra reynslu en karlar, sjónarhorn og reynslu sem verða að vera hluti af lausninni. Konur eru mikilvægur þáttur í leitinni að sjálfbærum lausnum á umhverfis- og loftslagsvandnum.

Það er niðurstaða Nordiskt Forum að sjálfbær þróun krefst heildrænnar nálgunar þar sem kynja- og jafnréttissjónarmið eru samþætt inn í vistfræðilegar, efnislegar og félaglegar nálganir.

## Við krefjumst þess:

**AÐ** norræn yfirvöld stuðli að því konur verði virkir þátttakendur sem frumkvöðlar, skipuleggjendur, kennarar, leiðtogar og sendiherrar um sjálfbæra þróun. Þróunaraðstoð sem snýr að loftslags- og umhverfismálum verður alltaf að fela í sér kynja- og jafnréttissjónarmið.

**AÐ** konum verði tryggð aukin pólitísk þátttaka og aðkoma að ákvarðanatöku í umhverfis- og loftslagsmálum og séu að minnsta kosti helmingur fulltrúa í samningaviðræðum um loftslags- og umhverfismál á alþjóðavettvangi.

**AÐ** norræn yfirvöld tryggi rétt Samafólksins, sérstaklega samískra kvenna, til að tjá sig um umhverfismál á landsvæðum sínum.

**AÐ** norræn yfirvöld grípi til öflugri aðgerða, þar á meðal löggjafar, til að flýta fyrir því að dregið sé úr skaðlegum útblæstri sem oft er bæði óþarfur og kostnaðarsamur, auk þess að tryggja að orkan sem við notum sé í auknum mæli frá endurnýjanlegum og sjálfbærum orkugjöfum.

**AÐ** norrænu ríkisstjórnirnar og stjórnvöld ásamt einkafyrirtækum í iðnaði axli ábyrgð á því að gera sýnileg samfélagsleg áhrif mengunar og losun spilliefna, og tryggi að þróun á grænum vinnustöðum, grænu hagkerfi og nýrri umhverfislöggjöf taki sérstakt tillit til áhrifa á konur.

**AÐ** kynfrelsi og kynheilbrigði kvenna sé tryggt á meðan áföll sem tengjast umhverfis- og loftslagsmálum ganga yfir. Það verður að koma í veg fyrir ofbeldi gegn konum og börnum og mansal kvenna og barna í kjölfar náttúruhamfara.

# Umönnunarstörf og velferðar- samfélagið



**MÖRG VESTRÆN RÍKI** hafa skorið mikið niður í velferðarkerfum sínum á undanförunum árum og hefur það haft áhrif á heilsu og velferð viðkvæmustu hópa samfélagsins. Niðurskurður í velferðarmálum kemur sérstaklega niður á konum. Þegar stofnanir bjóða ekki einstaklingum þá umönnun sem þeir þurfa fellur sú ábyrgð á nánustu fjölskyldu. Iðulega eru það konur sem axla ábyrgð á umönnun barna, sjúkra og aldraðra. Konur vinna stærstan hluta ólaunaðra heimilisstarfa og sinna umönnun.

Konur eru meirihluti starfsmanna í umönnunar- og velferðargeiranum. Niðurskurður hefur áhrif á starfsfólk þegar kröfur um sparnað eru uppfylltar með aðferðum sem leiða til minna starfsöryggis, lægri launa og meira álags. Stjórnsýslustörfum í umönnunargeiranum fækkar einnig, þannig að mjög menntaðar og sérhæfðar starfsstéttir neyðast til að taka yfir hlutverk þeirra. Pólitískar ákvarðanir takmarkast við kröfur um eftirlit og gæðastjórnun sem byggja á ýmsum líkönum eins og stefnu um nýskipan í ríkisrekstri (e. New Public Management), án þess að skoðað sé hversu raunhæfar eða árangursríkar þær aðferðir eru.

Há tíðni veikindaleyfa kvenna sem starfa í velferðargeiranum kallar á aðgerðir. Með því að beita aðferðum kynjasambættingar má kortleggja helstu ástæðurnar og finna lausnir sem stuðla að heilbrigði og vellíðan starfsfólks. Norðurlöndin þurfa að skiptast á reynslu af hagnýtum leiðum til að draga úr veikindaleyfum og vinnutengdum meiðslum innan velferðargeirans.

Norðurlöndin verða sífellt fjölmennigarlegri og velferðarkerfið verður að vera fært um að takast á við mismunandi þarfir íbúanna.

Önnur áskorun eru auknar lífslíkur og mismunandi áhrif þeirra á konur og karla í samfélagi okkar, en konur lifa lengur með verri lífskjör en karlar. Umönnun sjúklinga með ólæknandi aldurstengda sjúkdóma kallar á aukna þjónustu af hálfu ríkisins og sveitarfélaga í framtíðinni, en einnig á aðkomu fjölskyldunnar þar sem konurnar bera oftast en ekki hitann og þungann af umönnun.



## Við krefjumst þess:

**AÐ** norrænu ríkisstjórnirnar forgangsraði í þágu góðra starfsskilyrða og heilsu starfsfólks í velferðargeiranum og að starfsfólk með litla menntun og ófaglært starfsfólk fái tækifæri til frekari menntunar.

**AÐ** norrænu ríkisstjórnirnar leggi áherslu á mikilvægi þess að auka þátttöku karla í heilbrigðisþjónustu og umönnunarstörfum, bæði í ólaunaðri vinnu á heimilum og í launavinnu í umönnunar- og velferðargeiranum.

**AÐ** ríkisstjórnir Norðurlandanna setji í forgang menntun og rannsóknir á lýðfræðilegum breytingum sem snúa að öldrun þjóðarinnar, fjárfesti í tæknilegum og skipulagslegum nýjungum á sviðinu, og noti kynjasambættingu við stefnumótun.

**AÐ** stjórnvöldum og viðkomandi aðilum verði falið að móta stefnu um hvernig nýta megi tækniframfarir til að bæta lýðheilsu. Sérstaklega skal huga að þörfum viðkvæmra hópa og leggja skal áherslu á virðingu fyrir einstaklingnum. Aðstoð skal veita til þess að aldraðir geti búið sjálfstætt svo lengi sem mögulegt er.

# Friður og öryggi



**PEKINGSÁTTMÁLINN** kallar eftir þátttöku kvenna í ákvarðanatöku þegar kemur að friðarsamningum á átakasvæðum. Sáttmálinn kallar eftir aðgerðum án ofbeldis og aðgerðum sem stuðla að menningu sem einkennist af friði. Á síðasta áratug hafa Norðurlandþjóðirnar breytt áherslum sínum og hlutverki í alþjóðlegum átökum, frá því að vera leiðandi í friðargæsluverkefnum og friðarviðræðum yfir í leggja aukna áherslu á hernaðaraðgerðir þegar upp kemur alþjóðlegt hættuástand.

Norrænu ríkisstjórnirnar telja sig öflugta talsmenn þess að konur taki þátt í friðarferlum og utanríkisstefnur Norðurlandanna leggja áherslu á þátttöku kvenna, samanber ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325 um konur, frið og öryggismál (e. Security Council Resolution 1325) og framhaldsályktanir. Konur eru þó enn útilokaðar frá formlegum friðarviðræðum og ákvarðanatöku.

Í eftirfylgni ályktunar nr. 1325 hafa Sameinuðu þjóðirnar einblínt á konur sem þolendur og skipað sérstaka fulltrúa þeirra. Gerendum kynferðislegs ofbeldis og kynbundis ofbeldis á stríðstímum er hins vegarsjaldan refsað, jafnvel þó að alþjóðasamfélagið samþykki að þess háttar ofbeldi er napurlegt hernaðartæki, stríðsglæpur, og í sumum tilvikum glæpur gegn mannkyninu og þjóðarmorð. Kynferðislegu ofbeldi er beitt sem hluta af skipulögðum hernaði og við þurfum að bregðast við því sem svo. Heilsa og geðheilsa kvenna og stúlkna sem hafa verið misnotaðar kynferðislega á stríðstímum er sjaldnast sett í forgang. Konur og stúlkur eru þolendur nauðgana,

nauðungahjónabanda, nauðungameðgangna, pyntinga, mansals, kynlífsþrælkunar og skipulagðrar smítunar kynsjúkdóma eins og alnæmi, bæði á stríðstímum og á friðartímum. Alþjóðasamfélagið þarf að takast á við þessar áskoranir og koma upp regluverki til að bregðast við þeim.

Við þurfum að kanna og þróa lýðræðislegar leiðir til að stuðla að friði og öryggi og til að tryggja konum stjórn yfir eigin lífi. Ofbeldi gegn konum á stríðstímum endurspeglar ofbeldismenningu samfélagsins. Við þurfum að endurskilgreina hugtakið friður: Friður er öryggi, réttlæti og jafnrétti, fremur en frelsi frá stríðsátökum. Sjálfbær og varanlegur friður næst þegar lífsgæði nægja til að fólk geti lifað með virðingu, frjálst frá erfiðleikum og ótta. Við verðum að leggja áherslu á mikilvægi friðar.

## Við krefjumst þess:

**AÐ** norrænu ríkisstjórnirnar tryggi að konur hafi jafnan aðgang að ákvarðanatöku á öllum sviðum friðaraðgerða, að aðgerðum til að koma í veg fyrir stríð, að sáttaviðræðum í átökum, að eftirliti með friðaraðgerðum og að þátttöku í friðarviðræðum, og að norrænu ríkisstjórnirnar krefjist þess að Sameinuðu þjóðirnar skipi sérstakan fulltrúa sem beri ábyrgð á því að tryggja þennan rétt kvenna til að vera virkir þátttakendur í friðar- og öryggismálum.

**AÐ** norrænu ríkisstjórnirnar endurskoði, skerpi og styrki framkvæmdaáætlanir sínar til að ná fram markmiðum ályktunar Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325, og tryggi fjármagn til að styrkja starf frjálsra félagasamtaka, sérstaklega kvennasamtaka, sem starfa á Norðurlöndunum við að uppfylla þau markmið.

**AÐ** norrænu ríkisstjórnirnar veiti sérstakt fjármagn til að vernda og þjálfa flóttakonur, og auki stuðning sinn við þá aðila sem sækja til saka og refsgerendur kynferðislegs ofbeldis á stríðstímum. Þolendum ofbeldis á stríðstímum skal veittur virkur stuðningur.

**AÐ** norrænu ríkisstjórnirnar taki tillit til sjónarmiða innfæddra hópa og umhverfismála í friðar- og öryggismálum.

**AÐ** norrænu ríkisstjórnirnar efli stuðning við friðaraðgerðir og friðarviðræður, minnki fjármagn til hernaðarmála, hætti sölu vopna, sem hafa ekki síst skelfileg áhrif á konur og börn, tilnefni sendiherra sem beita sér fyrir afvopnun, og styrki viðleitni sína til eyðingu kjarnavopna.

# Stjórn mála- þátttaka og samfélagsþróun



**AUKIN OG SJÁLFSTÆÐ ÞÁTTAKA KVENNA** ásamt bætri félagslegri, efnahagslegri og pólitískri stöðu þeirra er forsenda þess að hægt sé að þróa lýðræðislegt samfélag fyrir alla. Sjálfbær þróun á öllum sviðum samfélagsins er ómöguleg án sterkrar stöðu kvenna og jafnrar stöðu kynjanna. Konur á Norðurlöndunum eru fjölmennar í embættum sem til er kosið, en rannsóknir sýna að þeim fækkar snarlega í þeim embættum sem til er skipað.

Í markmiðunum sem samþykkt voru í Pekingsáttmálanum er bent á ekki sé nóg að tryggja jafnt hlutfall kvenna og karla til að ná markmiðum um þróun og frið. Til að ýta undir þróun og koma á friði er einnig nauðsynlegt að tryggja virka þátttöku kvenna í allri ákvarðanatöku og framkvæmdum, og að kynjasjónarmiðum sé beitt á öllum sviðum samfélagsins. Aðeins þá getum við tryggt að tekið sé tillit til allra hópa samfélagsins.

Konur eru líklegri til að hætta í stjórnámálum en karlar. Til þess að tryggja virka og fulla þátttöku kvenna í ákvarðanatöku er nauðsynlegt að athuga allar aðstæður ákvarðanatöku sem og mismunandi formgerðir stjórnmalapátttöku. Norræna kvannahreyfingin kallar eftir heildrænum og virkum aðgerðum til að uppfylla skuldbindingar okkar í Pekingsáttmálanum.

Stjórnmalakonur hafa greint frá mismunandi aðferðum sem beitt hefur verið til að gera lítið úr þeim, háðsglósam, tómlæti og áreitni. Þess háttar ofsóknir eru algjörlega óásættanlegar í lýðræðislegu samfélagi. Fjölmíðlaumfjöllun um konur í stjórnámálum hefur

verið gagnrýnd fyrir að vera bundin klafa hefðbundinna staðalímnda kynjanna. Það er nauðsynlegt að konur taki þátt á öllum sviðum samfélagsins. Nauðsynlegt er að tryggja nægilegt fjármagn þeim starfsgreinum sem konur eru fjölmennar í, eins og í leikskólakennslu og umönnunarstörfum, og viðurkenna mikilvægi þessara starfsgreina fyrir samfélagið. Þetta þýðir að nauðsynlegt er að beita aðferðum kynjaðrar fjárlagagerðar bæði á landsvísu og á sveitarstjórnarstigi.

## Við krefjumst þess:

- AÐ** norrænu ríkisstjórnirnar setji skýr markmið um raunhæfa möguleika kvenna til að nýta réttindi sín og taki sérstaklega tillit til þarfa þeirra hópa sem standa höllum fæti í samfélaginu. Stjórnvöld skulu setja í forgang aðgerðir gegn hatursorðræðu á veraldarvefnum, og gegn áreitni og árásum á stjórnmalakonur og aðrar konur á opinberum vettvangi.
- AÐ** jöfn þátttaka kvenna og karla sé tryggð á þjóðþingum og í sveitarstjórnnum, í opinberum nefndum, vinnuhópum og sendinefndum, til að mynda með því að beita kynjakvóta.
- AÐ** stjórnvöld, sveitarstjórnir, fjölmiðlar og hópar tengdir fyrirtækjum leiti eftir sérþekkingu kvenna og að sérfræðiþekking kvenna sem tilheyra minnihlutahópum fái áheyrn.



**AÐ** konur séu fulltrúar á öllum sviðum samfélagsins og þátttakendur í öllum ákvörðunum, þar á meðal í efnahagsmálum og í viðskiptum.

**AÐ** stéttarfélög axli ábyrgð á því að skipa fleiri konur í stjórnunarstöður í stéttarfélögum, starfsgreinasamböndum og samtökum atvinnurekenda.

**AÐ** kosninganefndir og aðrir opinberir aðilar sem skipa í störf og hópa beiti skýrum og gagnsæjum mælikvarða sem mismunar ekki konum, og að verkefnum sem þjálfar konur í stjórnámálum sé komið á laggirnar til að auka þátttöku kvenna í stjórnámálum og koma í veg fyrir að konur hætti í stjórnámálum.

# Samþætting kynja- og jafnréttis- sjónarmiða



**KYNJASAMPÆTTING** er aðferð til þess að skapa samfélag þar sem jafnrétti kynjanna ríkir og er þessi aðferð sem rauður þráður í gegnum Pekingsáttmálann. Kynjasambætting tryggir að þarfir og reynsla kvenna og karla sé grunnurinn að stefnumótun, ákvarðanatöku, uppbyggingu skipulagsheilda og réttlátri úthlutun fjármagns og þjónustu.

Kynjasambætting er fyrirbyggjandi aðferð sem miðar ekki eingöngu að því að leiðrétta misrétti milli kvenna og karla heldur einnig að koma í veg fyrir að misrétti verði til. Aðferðin vinnur gegn neikvæðum áhrifum kynhlutleysis, en í reynd þýðir „kynhlutleysi“ oft að reynsla karla en ekki kvenna grundvallar alla ákvarðanatöku.

Kynjasambætting þýðir að kynjajafnrétti og kynjasjónarmið séu hluti af allri stefnumótun, á öllum stigum og í öllum þáttum ákvarðanatöku og framkvæmd þeirra, til þess að konur og karlar hafi jafna stöðu. Aðferðin ögrar kerfisbundinni mismunun og víkjandi stöðu kvenna við ákvarðanatöku. Aðferðin miðar að því að ná fram settum markmiðum um jafnrétti kynjanna sem birtist bæði í landslögum og í alþjóðlegum skuldbindingum um stjórnskipan og stjórnsýslu.

Innleiðing kynjasambættingar hefur verið hægfara og ekki nægilega markviss á Norðurlöndunum. Tilraunir norrænu ríkisstjórnanna til að innleiða aðferðina hafa verið mismunandi og bera oft lítinn eða miðlungsárangur, en einstaka sinnum talsverðan árangur.

Til eru mörg góð dæmi um kynjasambættingu hjá ríkisstofnunum og opinberum stofnunum í sveitarfélögum. Hins vegar er reynsla einstakra aðila ekki nýtt af sambærilegum stofnunum og niðurstöður einstakra aðgerða eru ekki nýttar til að hafa áhrif á ákvarðanatöku á öðrum sviðum samfélagsins. Hærra menntunarstig og starfsþjálfun hefur ekki náð að samtvinna þá reynslu og þekkingu sem hlotist hefur af kynjasambættingu.

## Við krefjumst þess:

**AÐ** norrænu ríkisstjórnirnar skýri ábyrgð á innleiðingu kynjasambættingar með því að festa og skýra aðferðina í landslögum, reglugerðum og verkferlum, þvert á allar stefnur, auk þess að samþykkja og fjármagna sértækar aðgerðir til innleiðingar árangursríkrar kynjasambættingar.

**AÐ** opinberum aðilum verði skylt að hafa jafnréttissjónarmið að leiðarljósi í allri sinni starfsemi og innleiða kynjasambættingu sem felur í sér þjálfun starfsfólks, notkun á aðferðum kynjaðrar hagstjórnar og fjárlagagerðar, kynjagreiningu og endurskoðun stefnumótunarferla, auk þess að koma á kerfisbundnum verkferlum til að hafa eftirlit með framkvæmd þessarar kynjasambættingar.

**AÐ** norrænu ríkisstjórnirnar geri framkvæmdaáætlanir með leiðbeiningum, viðmiðum, mælanlegum markmiðum, aðgerðum, frammistöðumati, kyngreindum gögnum og tölfræði. Reglubundin greining skal fara fram, vera skráð og gefin út.

**AÐ** norrænu ríkisstjórnirnar beiti kynjasambættingu við framkvæmd allra alþjóðlegra skuldbindinga sinna, þar á meðal við mótun nýrra þróunarmarkmiða og nýrra markmiða um sjálfbæra þróun.

**AÐ** atvinnurekendur á einkamarkaði samþætti kynjasjónarmið inn í starfsemi sína.

# Flóttamenn og fólksflutningar



**ALÞJÓÐAVÆÐING** þýðir það að sífellt fleiri flytja á milli landa af ýmsum ástæðum og við ýmsar kringumstæður. Norðurlandþjóðirnar taka til dæmis á móti flóttamönnum og öðrum sem þarfnast verndar, börnum sem ferðast án fullorðinna, fjölskyldum, nemendum, farandverkafólki og fólki sem skortir dvalarleyfi.

Ein ástæða þess að konur leita sér skjóls á Norðurlöndunum er að þær hafa orðið fyrir árásum vegna kyns síns. Grundvallarmannréttindi þessara kvenna hafa verið brotin, og þeim hefur jafnvel verið hótáð lífláti. Þessar konur hafa verið seldar, arðrændar, þær hafa þurft að þola mannvonsku og pyntingar, þeim hefur verið nauðgað, þær hafa verið neyddar í hjónabönd sem börn eða misnotaðar á annan máta, eða þær eru konur sem hafa talað opinberlega um menntun stúlkubarna, reynt að fá hjónaskilnað eða eru samkynhneigðar. Við þurfum að skýra betur þá verkferla sem ákvarða hvernig við tökum á móti flóttamönnum og komast að því hvernig sérstök reynsla kvenna hefur áhrif á stöðu þeirra sem flóttamaður. Margar konur skortir þekkingu á réttindum sínum, á löggjöf sem hefur bein áhrif á líf þeirra eins og hjónabandslöggjöf, á réttindum barna og á réttindum sínum í málum sem viðkoma ofbeldi og misnotkun.

Á hverju ári koma nokkur þúsund konur til Norðurlandanna með dvalarleyfi sem veitt er vegna fjölskyldutengsla. Þetta dvalarleyfi er tímabundið og bundið maka. Ótímabundið búsetuleyfi fæst aðeins þegar kona hefur dvalið löglega í landinu og búið með maka sínum í ákveðinn tíma – í tvö til fimm ár eftir landi. Sumar

Þessara kvenna búa við ofbeldi og neyðast til að flýja maka sína áður en þeim er veitt ótímabundið búsetuleyfi. Þær eiga það á hættu að vera vísað úr landi og í sumum tilvikum að missa forræði yfir börnum sínum. Það er mikilvægt að við rannsökum hve algengt það er að karlmenn misnoti endurtekið konur á þennan máta, konur sem eru reknar úr landi þegar þær flýja ofbeldissambönd.

Fólk sem leitar að vinnu í öðrum löndum starfar við ýmsar aðstæður, sumar skelfilegar. Fólk er selt mansali ekki aðeins í kynlífsánauð heldur einnig til vinnuþrælkunar. Konur yfirgefa oft börn sín í heimalandinu til að auka tekjur sínar til lengri eða skemmri tíma. Viðkvæm staða kvenna sem starfa innan heimila hefur verið viðurkennd, en ekki er enn búið að grípa til aðgerða til að tryggja vinnuaðstæður þeirra. Þær konur sem skortir dvalarleyfi standa sérstaklega illa að vígi þar sem þær hafa ekki aðgang að velferðarkerfinu.

## Við krefjumst þess:

**AÐ** Norðurlöndin viðurkenni rétt kvenna til að krefjast stöðu flóttamanns, og sýni forystu á alþjóðavettvangi í að vernda konur og starfa að flóttamannamálum með gagnsæjum verkferlum sem unnir eru með kynjasjónarmið í huga. Allar konur sem þurfa á aðstoð og vernd að halda skulu njóta jafnræðis. Upplýsa skal konur um réttindi þeirra og þeim skulu veittar upplýsingar um hvert þær geti leitað aðstoðar ef til þarf.



**AÐ** konur sem dvelja á Norðurlöndunum með dvalarleyfi sem veitt var vegna fjölskyldutengsla verði veitt dvalarleyfi sem er ekki háð maka þeirra, að tafarlaust verði hætt að reka konur sem flýja ofbeldissambönd úr landi, og að konur sem eru þolendur mansals verði veitt aðstoð og vernd hvort sem þær vilji bera vitni fyrir dómstólum eður ei.

**AÐ** norrænar ríkisstjórnir og yfirvöld beiti mannúðlegri flóttamannastefnu þar sem sérstakt tillit er tekið til flóttakvenna, samanber samning Sameinuðu þjóðanna um réttarstöðu flóttamanna (e. UN Convention Relating to the Status of Refugees).

**AÐ** ríkisstjórnir og yfirvöld stuðli að aukinni þátttöku kvenna af erlendum uppruna í samfélaginu og tryggi viðeigandi þjálfun ómenntaðra eða illa menntaðra kvenna. Læsi skal sett í forgang í menntakerfinu.

**AÐ** farandverkakomum og konum af erlendum uppruna sem starfa á vinnumarkaði verði tryggð sambærileg laun og vinnuaðstæður og starfsfólki sem fætt er á Norðurlöndum.

# Fjölmiðlar og ný tækni



**KONUR ERU MINNA SÝNILEGRI** í fjölmiðlum en karlar. Rannsóknir sýna að konur eru aðeins 30% viðmælenda í fjölmiðlum. Þessi staða hefur lítið breyst síðustu tvo áratuginna þrátt fyrir að Pekingsáttmálinn hafi sérstaklega vakið athygli á þessari staðreynd. Karlmennt segja enn fréttir um aðra karla. Karlmennt eru fjölmennari í hópi sérfræðinga og álitsgjafa, á meðan konur eru fjölmennari sem fulltrúar almennings. Áhrif kvenna í fjölmiðlum verður að auka til að stuðla að því að raddir kvenna á öllum sviðum samfélagsins fái að heyrast.

Jöfn þátttaka og jöfn framsetning kvenna í fjölmiðlum eru bráðnauðsynlegar lýðræðislegri umræðu.

Fjölmiðlar eru undirstaða lýðræðissamfélagsins á Norðurlöndunum og út um allan heim. Við verðum að tryggja frelsi fjölmiðla og tjáningarfrelsi, og á sama tíma vinna gegn hefðbundnum staðalímyndum kvenna og gegn því að lítið sé gert úr málefnum sem tengjast konum í fjölmiðlum.

Mikil gróska er í fjölmiðlaumhverfi nútímans og ný tækni hefur breytt því hvernig við miðlum og meðtökum fréttir. Konur geta nú skapað eigin miðla og skrifað og bloggað um málefni sem standa þeim nærri hjarta. Samfélagsmiðlar gefa almenningi tækifæri til að láta rödd sína heyrast og taka þátt í samfélagsumræðunni.

Fylgifyskar nýrrar tækni eru ekki allir af hinu góða. Nýir miðlar hafa styrkt kynjaskiptingu í umfjöllun um samfélagið. Umræður á veraldarvefnum lúta ekki reglum og geta verið ofsafengnar og illgjarnar. Á síðasta áratugi hefur sífellt meira borið á því að konur

sem skrifa á veraldarvefnum og taka þátt í umræðu á samfélagsmiðlum, á bloggsíðum og öðrum svæðum á netinu þurfa að þola áreitni og ofsóknir. Þessar skipulögðu ofsóknir sem byggja á kvenhatri ógna stöðu kvenna í samfélaginu og eru enn ein aðferðin til þess að þagga niður í konum og koma í veg fyrir þátttöku þeirra í samfélagsumræðunni.

Við verðum að ræða hvernig við getum virt tjáningarfrelsið og á sama tíma virt réttinn til einkalífs og spornað gegn kynbundinni hatursorðræðu á veraldarvefnum. Ofsóknir á veraldarvefnum hafa áhrif á lífsgæði og geðheilsu kvenna, bæði til lengri og skemmri tíma, og takmarka möguleika kvenna á að taka virkan þátt í samfélaginu. Konur sem gegna opinberum embættum þurfa að þola hatursfullan munnsöfnuð og jafnvel hótanir. Sumar konur hafa þurft að þola líkamlegt ofbeldi í tengslum við orðræðu á veraldarvefnum. Þessar ofsóknir ógna lýðræðinu og frelsi kvenna og lögbundnum réttindum kvenna.

## Við krefjumst þess:

**AÐ** norrænu ríkisstjórnirnar komi á laggirnar langtíma rannsóknaraðila sem athugar fréttaf lutning fjölmiðla og mælir þátttöku kvenna, framsetningu kvenna, framsetningu málefna sem tengjast konum, fjölda kvenna í stjórnunarstöðum í fjölmiðlum, og svo framvegis.

**AÐ** ríkisreknir fjölmiðlar á Norðurlöndunum fái það hlutverk að þróa verkferla sem tryggja jafna og sambærilega framsetningu og þátttöku kvenna og karla í fjölmiðlum, verkferla sem geta nýst öðrum fjölmiðlum, einkareknum og opinberum.

**AÐ** menntastofnanir, kennaraháskólar og blaðamannaskólar þrói námsefni og verkefni sem auka fjölmiðlalæsi ungs fólks á Norðurlöndunum og auka skilning þeirra á flóknu samspili samfélags og fjölmiðla. Fjölmiðlalæsi er undirstaða virks lýðræði.

**AÐ** norræn yfirvöld fylgi eftir banni við auglýsingum sem byggjast á kvenhatri og kvenfyrirlitningu, og að auglýsingaiðnaðinum sé gert skylt að veita upplýsingar um hvort og þá hvernig ljósmyndum í auglýsingum hefur verið breytt í myndvinnsluforritum. Auglýsingar byggja og styrkja kynbundnar staðalímyndir og hafa neikvæð áhrif á sjálfsmynd fólks, sérstaklega ungs fólks.

**AÐ** norrænu ríkisstjórnirnar samþykki löggjöf sem er fær um að takast á við ofsóknir á veraldarvefnum og komi á laggirnar sjálfstæðum aðila sem getur tekið við kvörtunum og kært mismunun gegn konum og stúlkum í fjölmiðlum.

**Framtíð  
femínisma á  
Norðurlöndum  
og skipulagning  
kvenna-  
hreyfingarinnar**



**KVENNAHREYFINGIN** hefur ávallt verið fjölbreytt, en hún samanstendur af aragrúa kvennasamtaka sem starfa hver á sinn máta að þeim málum sem standa þeim næst hjarta.

Við upphaf skipulagðrar kvenréttindabaráttu á Norðurlöndum, fyrir meira en einni öld síðan, börðust konur fyrir kosningarétti og kjörgengi, fyrir bættu aðgengi að heilbrigðisþjónustu og betra húsnæði, fyrir starfsréttindum og launajafnrétti, fyrir menntun og aðgengi að fjölmiðlum, fyrir friði og fyrir kynfrelsi. Enn þann dag í dag beitir kvannahreyfingin sér í þessum sömu málum.

Réttindabarátta kvenna síðustu hundrað árin hefur stuðlað að raunverulegum breytingum á samfélagsgerð og lagaumhverfi okkar. Kvannahreyfingin er sterk og mikilvæg rödd í samfélagsumræðunni, rödd sem hefur breytt heiminum sjálfum, breytt formgerð samfélagsins, bætt stöðu kvenna, bætt samfélag okkar allra.

**FJÖLBREYTTAR RADDIR** með mismunandi nálganir og áherslumál eru enn nauðsynlegar. Kvinnahreyfingin hefur í gegnum tíðina prófað ýmsar leiðir til að skipuleggja starf sitt, sumir hópar hafa starfað algjörlega utan skipulagðra stjórn mála á meðan aðrir hópar hafa stofnað eigin kvennaframboð. Kraftur hreyfingarinnar hefur þó ávallt falist í því að allir þessir mismunandi hópar og kvennasamtök, hver með sínar mismunandi nálganir og áherslumál, geti komið saman og unnið í sameiningu að sértækum málefnum.

Aukin og virk samvinna eldri og yngri kynslóða feminista og aukin og virk samvinna hinna ýmsu kvennasamtaka sem vinna að sértækum málum er nauðsynleg til að skapa samfélag sem byggist á jafnrétti kynjanna.

Til þess að tryggja þróun kvinnahreyfingarinnar og framtíð feminískra hugmynda á Norðurlöndunum þurfum við að tryggja að raddir allra hópa og hagsmunaaðila fái að heyrast, og að standa saman á bak við sameiginlegar kröfur. Kvinnahreyfingin verður að vera virk í að ræða og viðurkenna mismun inn á við, og á sama tíma standa með hver annarri og sýna virkan stuðning út á við.

**NORDISKT FORUM MALMÖ 2014** — New Action on Women's Rights er staðfesting á því að kvinnahreyfingin stendur staðföst og óhvikul, ákveðin í að sporna gegn því að lífsgæði kvenna séu skert á nýrri öld, ákveðin í að vinna saman að betri framtíð.



Ráðstefnan er birtingarmynd þessa krafts kvenna og stuðningsins í samfélaginu sem viðurkennir jafnan rétt og jafnt gildismat kvenna og karla. Samhljóða álit samfélagsins að nauðsynlegt sé að tryggja jafnrétti kynjanna dregur ekki úr vægi kvennahreyfingarinnar heldur gefur henni tækifæri til að styðja við grasrótarsamtök og til að efna til umræðu um óhefðbundnar samfélagslegar lausnir.

Opinber stefnumótun til að auka jafnrétti kynjanna hefur áhrif á konur og karla, stúlkur og drengi. Innlendar jafnréttisstofnanir og alþjóðlegir samningar eins og Kvennasáttmáli Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gegn konum og Pekingsáttmálinn hafa áhrif á jafnréttisáætlanir.

Enn er of lítið lítið til jafnréttis kynjanna þegar unnið er að stefnumótun á öðrum sviðum samfélagsins, eins og í málefnum fatlaðra, innflytjendamálum, velferðarmálum, umhverfismálum, skattamálum, menntamálum, og svo framvegis. Aukin kynjasambætting, þátttaka karla í baráttunni fyrir jafnrétti kynjanna og samvinna mismunandi aðila eru nauðsynleg til að styrkja jafnréttisbaráttuna.

Leiðirnar að sameiginlegu markmiði eru ótal margar og fjölbreytileiki innan kvennahreyfingarinnar er mikilvægur og ákjósanlegur. Þó viljum við einnig leggja áherslu á mikilvægi rótgróinna kvennasamtaka sem hafa áralanga og jafnvel áratuga langa reynslu af baráttunni fyrir kvenréttindum og jafnrétti kynjanna.

Saman vinnum við að því að skapa réttlátara og femínískara samfélag!

**NORDISKT FORUM** vill leggja áherslu á að alþjóðlegir samningar eins og Kvennasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, Pekingsáttmálinn, ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325 um konur, frið og öryggismál, Þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna og ný markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun geta aðeins náð markmiðum sínum að bæta stöðu kvenna í samfélaginu með því að eiga samvinnu við sterka og gróskumikla kvannahreyfingu og þá aðila sem starfa að jafnrétti kynjanna á öllum sviðum samfélagsins.

## Við krefjumst þess:

**AÐ** norrænu ríkisstjórnirnar fjármagni frjáls félagasamtök í kvannahreyfingunni að jöfnu við önnur frjáls félagasamtök, svo að femínismi hafi raunveruleg áhrif á samfélagsumræðuna og að jafnrétti kynjanna náist í samfélagi okkar.

**AÐ** norrænu ríkisstjórnirnar tryggi aukna þátttöku kvennasamtaka í stefnumótun, sem umsagnaraðila og sem samstarfsaðila í gagnsærri og heildrænni stefnumótun sem stuðlar að jafnrétti kynjanna. Við óskum þess að norrænu ríkisstjórnirnar hafi langtímamarkmið í huga við skipulagningu sjálfbærrar þróunar, bæði innanlands og á alþjóðavettvangi.

**AÐ** kvennasamtökum sé tryggt fjármagn og gefið tækifæri til að taka þátt í stefnumótun á sveitarstjórnarstigi, á landsvísu og á alþjóðavettvangi, samanber kröfur Kvennasáttmála Sameinuðu þjóðanna og Pekingsáttmálans.

**AÐ** norrænu ríkisstjórnirnar styðji samnorrænt samstarf kvennasamtaka og styrki það samstarf fjárhagslega og á allan máta.

**AÐ** norrænu ríkisstjórnirnar leiti til og styrki kvennasamtök til að kynna Kvennasáttmála Sameinuðu þjóðanna og Pekingsáttmálann meðal almennings til að sýna hvaða áhrif þessir sáttmálar hafa á stefnumótun.

**Nordiskt Forum og þau  
félagasamtök, félög, hópar,  
einstaklingar og aðilar sem  
standa að ráðstefnunni  
sammælast um að skapa  
umhverfi þar sem við getum  
saman unnið að  
réttindum kvenna.**

**Það er barátta að afhjúpa  
og breyta valdakerfum sem  
kúga konur, að kollvarpa  
hefðbundum staðalímyndum  
og kynhlutverkum, svo að  
við séum frjálsar til að breyta  
samfélagi okkar og lífi.**

**Nordiskt Forum Malmö 2014 var skipulagt af  
200 kvennasamtökum á Norðurlöndunum.**

**Norrænir tengiliðir eru:**

- \* Álands fredsinstitut, Álandseyjar**  
**[www.peace.ax](http://www.peace.ax)**
- \* Kvinderådet, Danmörk**  
**[www.kvindraadet.dk](http://www.kvindraadet.dk)**
- \* Naisjärjestöt Yhteistyössä — Kvinnoorganisationer i  
Samarbete, Finland**  
**[www.nytkis.org](http://www.nytkis.org)**
- \* Kvenfélagasamband Íslands, Ísland**  
**[www.kvenfelag.is](http://www.kvenfelag.is)**
- \* Kvenréttindafélag Íslands, Ísland**  
**[www.kvenrettindafelag.is](http://www.kvenrettindafelag.is)**
- \* FOKUS — Forum for Kvinner og Utviklingsspørsmål, Noregur**  
**[www.fokuskvinner.no](http://www.fokuskvinner.no)**
- \* Krisesentersekretariatet, Noregur**  
**[www.krisesenter.com](http://www.krisesenter.com)**
- \* Sveriges Kvinnolobby, Svíþjóð**  
**[www.sverigeskvinnolobby.se](http://www.sverigeskvinnolobby.se)**

**Lesið meira á [www.nf2014.org](http://www.nf2014.org)**

